Morgunblaðið

Útgefandi hf. Árvakur, Reykjavík.
Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
Ritstjórar Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson.
Ritstjórnarfulltrúi Þorbjörn Guðmundsson.
Fréttastjóri Björn Jóhannsson.
Auglýsingastjóri Árni Garðar Kristinsson.
Ritstjórn og afgreiðsla Aðalstræti 6, sími 10100
Auglýsingar Aðalstræti 6, sími 22480.

Áskriftargjald 1000,00 kr. á mánuði innanlands.
Í lausasölu 50,00 kr. eintakið.

Callaghan og Crosland

Frá því Harold Wilson tilkynnti, að hann mundi láta af embætti forsætisráðherra Bretlands, hefur verið ljóst, að það gæti skipt nokkru máli fyrir framvindu landhelgisdeilu okkar og Breta, hver yrði eftirmaður Wilsons. Niðurstaðan hefur orðið sú að James Callaghan, sem verið hefur utanríkisráðherra, tekur nú við forsætisráðherraembætti og utanríkisráðherra verður Anthony Crosland, sem átti sæti í stjórn Wilsons og er þingmaður fyrir Grimsby. Verri gat niðurstaða þessara mannaskipta í brezku ríkisstjórninni tæpast orðið frá sjónarmiði okkar Íslendinga. Í viðræðum þeim, sem fram hafa farið milli íslenzkra og brezkra stjórnvalda á undanförnum mánuðum, hefur það smátt og smátt komið í ljós, að Callaghan er mjög harðsnúinn í afstöðu sinni til landhelgisdeilunnar og mun ósveigjanlegri gagnvart okkar sjónarmiðum heldur en t.d. Wilson mun hafa verið. Þetta þýðir, að afsögn Wilsons og val Callaghans í forsætisráðherraembætti á Bretlandi veldur því, að til æðstu valda þar í landi er nú kominn maður, sem hefur verið okkur býsna erfiður, svo að ekki sé meira sagt.

Þótt það hafi legið ljóst fyrir um nokkurt skeið, að mestar líkur væru á því, að Callaghan tæki við forsætisráðherraembætti, gerðu menn sér vonir um, að í stað hans mundi koma í embætti utanríkisráðherra maður, sem hefði meiri skilning á sjónarmiðum okkar Íslendinga og væri fúsari til samninga en Callaghan hefur reynzt vera. Niðurstaðan hefur hins vegar orðið sú, að í embætti utanríkisráðherra, hefur Callaghan valið Anthony Crosland, sem er þingmaður fyrir Grimsby og er því fulltrúi kjósenda, sem eiga beinna hagsmuna að gæta í sambandi við landhelgisdeiluna. Það hefur lengi verið mat manna, að Crosland hafi beitt sér mjög á bak við tjöldin og stuðlað að hinni hörðu afstöðu Breta í samningaviðræðum við okkur og þess er skemmst að minnast, að tíu dögum áður en útfærslan í 200 mílur tók gildi eða hinn 5. október 1975, flutti Crosland ræðu í kjördæmi sínu í Grimsby, þar sem hann lýsti því yfir, að brezkir sjómenn ættu „skýlausan rétt á að veiða upp að 12 mílum við Íslandsstrendur", ef samningar tækjust ekki um veiðiheimildir innan 200 mílna lögsögunnar og hann tók jafnframt fram, að Bretar „yrðu og mundu veiða fyrir innan 50 mílur" og bætti því við, að fiskimiðin við Ísland væru á svæðum „sem hefðu verið hefðbundin mið Breta í 500 ár" og að brezka stjórnin væri „ákveðin í að tryggja brezkum sjómönnum þann rétt". Segja má, að allt framferði Breta hafi farið eftir því, sem Crosland lýsti yfir í ræðunni í Grimsby í byrjun október 1975.

Af þessu má ljóst vera, að þær breytingar, sem orðið hafa í brezkum stjórnmálum á síðustu dögum hafa fremur orðið til þess að efla áhrif þeirra manna, sem hafa viljað taka sem harðasta afstöðu til landhelgismála okkar Íslendinga og alveg sérstaklega hlýtur það að vera áhyggjuefni, að nú er utanríkisráðherra Bretlands maður, sem á beinna hagsmuna að gæta vegna kjósenda sinna í Grimsby.

Nú má kannski segja sem svo, að ekki sé ástæða til að hafa áhyggjur af þessum mannabreytingum, þar sem stjórnmálasambandi hafi verið slitið milli landanna og engar líkur séu á samkomulagi við Breta í bráð og ekki þarf að taka fram, að auðvitað koma engar viðræður við Breta til greina meðan floti þeirra er á íslenzku yfirráðasvæði og meðan þeir sýna ekki meiri skilning á okkar málstað, en þeir hafa gert hingað til. En jafnframt er fyllsta ástæða til að undirstrika þá staðreynd, að við Íslendingar höfum alltaf viljað friðsamlega lausn landhelgisdeilunnar við Breta. Við höfum jafnan verið reiðubúnir til þess að veita Bretum nokkurn umþóttunartíma og einhverjar veiðiheimildir innan hinnar nýju fiskveiðilögsögu okkar, einungis að því tilskildu, að slíkar veiðiheimildir tækju mið af þeim alvarlegu viðhorfum, sem nú eru komin upp í sambandi við fiskstofnana á Íslandsmiðum. Það hefur því ekki verið skortur á samkomulagsvilja af okkar hálfu, sem hefur komið í veg fyrir samninga, heldur hitt, að Bretar hafa krafizt of mikils í sinn hlut.

Um leið og í ljós kemur, að Bretar eru tilbúnir til þess að draga úr kröfum sínum um aflamagn á Íslandsmiðum, eigum við að uppfylltum ofangreindum skilyrðum, að sjálfsögðu að vera tilbúnir til þess að ganga til samninga. Út frá þessum sjónarmiðum hlýtur það að valda okkur áhyggjum, að mestu áhrifamenn í brezku ríkisstjórninni eru nú menn, sem við þekkjum af svo óbilgjarnri afstöðu til landhelgismála okkar, sem þá Callaghan og Crosland.

Sýning Ásgríms

HIN viðamikla sýning á verkum Ásgríms Jónssonar, er hann ánafnaði íslenzka ríkinu samkvæmt sérstöku gjafabréti, hefur nú staðið yfir í Myndlistarhúsinu við Miklatún í nær mánuð við mikla aðsókn áhugasamra og hrifinna skoðenda. Ekki komust þó öll verkin fyrir í salarkynnum Myndlistarhússins, þannig reyndist ekki rými fyrir um 100 myndir, sem fara varð með til baka í Ásgrímssafn að Bergstaðastræti. Þá ber hér einnig að geta fjölda mynda í rissbókum Ásgríms, sem eru óinnrammaðar, og eru ófáar þeirra engu síðri margri teikningu á sýningunni. (Um þann þátt í list Ásgríms mun ég rita sérstaklega í Lesbók blaðsins um páskahelgina).

Á þessari sýningu er flestu tjaldað af tæknilegum vinnubrögðum Ásgríms, en myndirnar eru alls 274 og skiptast í olíumál verk og vatnslitamyndir ásamt blýants- penna og kolteikningum. Sýningin mun þó ekki hugsuð sem yfirlitssýning á úrvali lífsverks Ásgríms heldur öðru fremur til að kynna almenningi þverskurð af hinni miklu gjöf listamannsins til íslenzku þjóðarinnar, en auk myndverkanna fylgdu gjöfinni allir fjármunir hans, hús og innanstokksmunir. Það væri líka rangt að greina þessa sýningu sem yfirlitssýningu, vegna þess hve margt vantar hér af aðalverkum Ásgríms svo sem ágæt verk í eigu Listasafns Íslands, Reykjavíkurborgar og fjölmargra einstaklinga. Þessi verk þurfa að koma fram hið fyrsta á sérstakri sýningu, því að annars er hætt við að ýmsir fái ekki metið að verðleikum listsköpun þessa brautryðjanda, og þá einkum yngri kynslóðin. Bíður þar Listasafns Íslands verðugt verkefni.


Skylt er hér að víkja að nokkru að gjöf þessari vegna hins mikla umfangs hennar, því hér mun um að ræða tæplega 500 fullgerðar olíu- og vatnslitamyndir auk mörg hundruð teikninga.

Ég hygg að fáir geri sér ljósa grein fyrir því í dag, hve höfðingleg gjöf þessi er og hve íslenzka þjóðin stendur í mikilli þakkarskuld við listamanninn Ásgrím Jónsson, ekki einungis vegna hinnar veglegu gjafar heldur og vegna brautryðjendastarfs þessa leiðandi manns sem jafnan var boðinn og búinn að styðja hverja þá viðleitni er horfði til þroskunar íslenzkrar listmenningar.

Væri gjöf listamannsins metin til fjár í dag, laust sem naglafast, er sennilegt að verðmæti hennar reyndist vart minni en sjálfs skálans er sýninguna hýsir, og hafa má það í huga að myndirnar eiga eftir er fram líður, að vaxa hraðar að verðgildi en nokkur naglaföst fasteign.

Og vikið skal hér að húsi Ásgríms, sem verið hefur safnhús um langt skeið og borið nafn hans. Þó að eigi sé langt umliðið frá andláti listamannsins hafa þessi húsakynni þegar öðlast mikið gildi sakir þess andrúms er þar ríkir, þannig að hin unga kynslóð kynnist þar lífsháttum sem eru henni algjörlega framandi og vekur til innlifunar í horfna tíð. Hefur það komið fram að unga fólkið kann vel að meta þetta lágreista og dulúðuga hús, sem geymir svo mikla og forvitnilega sögu.

Ég hef áður bent á nauðsyn þess að allt húsið (báðar álmur þess) yrði virkjað til minningar um þá er þar réðu húsum, og helzt að byggður yrði við það hentugur skáli úti í garði hússins til aukins sýningarrýmis, og að húsið yrði í umsjá Listasafns Íslands sem ein deild þess, og vil ég árétta þá ábendingu hér. Ég tel að stefna beri að því, að þau hús sem byggð hafa verið sérstaklega að þörfum myndlistarmanna verði virkjuð áfram sem slík er þeir falla frá.



Ásgrímur Jónsson

„Sýning í tilefni aldarafmælis Ásgríms Jónssonar"

Þekki ég ýmis dæmi um slíkt erlendis og eru þá listamenn er fá inni í slíkum húsum, bundnir ákvæði um að viðhalda þeirri hefð.

Hús Ásgríms Jónssonar, Jóns Stefánssonar og Gunnlaugs Scheving ber að varðveita til minnis um merka brautryðjendur, og þá einnig sem heimild um hina fábrotnu bústaði þeirra.

Ferill Ásgríms Jónssonar sem sjálfstæðs listamanns hófst með sýningu hans í Melstedshúsi við Lækjartorg, þar sem Útvegsbanki Íslands stendur nú, og á árunum 1904—12 á hann sjö sinnum myndir á vorsýningum á Charlottenborg. Á þeim árum dvelur hann ytra á vetrum en heima á sumrum, að vetrinum 1906—7 undanskildum. Þar sem hann telst hafa komið alkominn heim sumarið 1909 er einsýnt að hann hefur sent myndir á vorsýningarnar fyrstu árin eftir heimkomuna, en hætt því svo, a.m.k. finn ég hvergi í heimildum að hann hafi tekið þátt í fleiri Charlottenborgarsýningum, en slíkt er þó vel hugsanlegt. Næstu sýningar Ásgríms í Reykjavík voru haustið 1905 og í júlí 1907 og þá í Góðtemplarahúsinu, en hann hafði þann háttinn á þessi árin að víða að sér myndefni hér heima á sumrum en fullgera svo frumdrættina í K-höfn á veturna.

Frá upphafi sótti Ásgrímur myndefni undantekningarlítið í íslenzka náttúru og þjóðsögur, og gerðist þar slíkur brautryðjandi og áhrifavaldur að landslagið bar ægishjálm yfir annað myndefni í íslenzkri myndlist næstu hálfa öldina og er enn í dag það meginatriði hérlendis er fólk almennt tengir fyrst við málaralist.

Ásgrímur er fæddur og uppalinn þar sem víðast sér til fjalla á þessu landi, og þegar þess er gætt að hann lifir mikla þjóðfélagslega vakningu fyrstu þroska- og manndómsár sín er einkar skiljanlegt að hið ósnortna land, sem bauð upp á svo miklar myndrænar andstæður yrðu honum öðru framar að myndefni. Áhrif þau er hann varð fyrir af impressjónistum hljóta einnig að hafa ýtt mjög undir og örvað samkennd hans með landslaginu. Hið breytilega veðurfar gaf auk þess mikla möguleika við gerð margvíslegra mynda af sama mótívinu vegna síbreytilegra litbrigða í lofti og



Sjálfsmyndir

gróanda. Sumir vilja jafnvel halda því fram að Ásgrímur hafi haft engu minni áhuga á að festa ljós- og veðrabrigðin hverju sinni á léreftin og vatnslitapappírinn en landslagið. Hann mun líka eins og allir góðir listamenn, hafa skilið nauðsyn þess að forma og umbreyta vegna hinna sérstöku lögmála myndflatarins og ófullkomleika mannlegs auga, en vera trúr því að festa heildarskynjun sína á viðfangsefninu á léreftið. Hann var þannig enginn natúralisti í eðli sínu, frekar en aðrir brautryðjendur okkar í málaralistinni, enginn kortagerðarmaður landslagsins, en opnaði landsmönnum nýja sýn á landið. Og það er íslenzkri myndlist þýðingarmikill ávinningur hve brautryðjendurnir litu landið ólíkum augum, og það verður sem betur fer aldrei löggilt hvað landslag er í eðli sínu